

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JANÚAR 2014

1. tbl. 21. árg.



S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Sveinsbakari

Hólagarði og Arnarbakka



Leikskólinn Vinaminni í Asparfelli vað 20 ára 14. janúar sl. starfsemi skólans hófst þann dag 1994. Vinaminni er sjálfstætt starfandi leikskóli í Asparfelli 10 til 12 í Reykjavík. Mikið var um dýrðir í skólanum þann dag og var þessi mynd tekin í afmælisfagnaðinum. Sjá nánari frétt á bls. 7.

Lyfjaval

APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



PANTADU Á NETINU

www.dominos.is sími 58-12345



Slökkvitækja-Þjónustan

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Víðtæk þjónusta til fyrirtækja

Landsbankinn Mjódd veitir stórum jafnt sem smáum fyrirtækjum alhliða fjármálaþjónustu og greiðan aðgang að faglegri ráðgjöf. Verið velkomin.

Landsbankinn Mjódd

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Þorramatur í miklu úrvali

Frosin svið 20 % afsláttur
við kassa.

Hákarl í teningum 20 % afsláttur
við kassa.

Egils Pilsner 500 ml.
Verð áður 160 kr.
Verð núna 98 kr.

Skyr.is 10 % afsláttur
við kassa.

Okkar frábæru Þorrabakkar
ca. 600 gr
1.849 kr.



Bín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

1. tbl. 21. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Nýtt fjölmennningar- verkefni

Fólk kemur víða að. Á sér ýmsan bakgrunn og hefur vaxið upp við mismunandi menningaráherslur. Á meðal nýrra þegna reynir oft á hæfni til að laga sig að breyttum og jafnvel framandi aðstæðum. Samfélagið þarf að bregðast vel við nýju fólki líkt og fólkið sjálft þarf að laga sig að aðstæðum þar sem það hefur kosið að búa. Gagnkvæmt traust þarf að myndast og skilningur að ríkja.

Breiðholtið byggðist í upphafi af fólki sem kom víða að. Úr öðrum borgarhlutum. Úr sjávarplássum og sveitum víða að af landinu og síðar frá ýmsum heimshlutum. Í Breiðholti hefur myndast eitt öflugasta fjölmenningsarsamfélag hér á landi þar sem margvísleg hugmyndafræði og þjóðlegar venjur búa að baki fólki. Í því efni reynir á fólk. Ekki einvörðungu þá sem koma og setjast að heldur einnig hina sem eignast nýja nágranna sem eiga sér annan uppruna en hinn íslenska. Fólk þarf að læra að þekkja hvert annað og finna hvað bindur það saman.

Eitt og annað hefur verið gert til þess að auðvelda aðkomnu fólki aðlögun að nýju búsvæði og þeim aðstæðum sem þar ríkja. Þótt starfið hafi verið árangursrík þá er um lengi tíma verk að ræða. Nú hefur nýju verkefni verið hleypt af stokkunum í Breiðholti undir forsjá þjónustumiðstöðvar Breiðholts og hverfisstjóra. Er þar um að ræða „Söguhring kvenna“ sem kynnt er hér í blaðinu. Eitt af markmiðum þess er að blanda saman fólki frá ýmsum heimshlutum og menningarsvæðum og finna því sameiginlegt tungumál. Við þetta verkefni verður meðal annars stuðst við leiklist og ýmiskonar tjáningarform sem auðvelda fólki aðlögun að nýjum heimkynnum. Með hinu nýja verkefni er lagt upp til þess að auka enn á ný og betur aðlögun fólks sem kys að byggja sér ból í Breiðholti og einnig þeim sem fyrir eru að ná saman og tengjast böndum yfir þjóðerni og menningarheima.

Anita

Anita Hinriksdóttir frjálsíþróttakona í ÍR stóð sig afburða vel á línu ári og byrjar nýtt ár með glæsibrag. Hún hefur borið sigur úr bítum á hverju íþróttamótinu af öðru og er hvergi hætt að takast á við þær áskoranir sem frjálsar íþróttir bjóða upp á. Á engan mun hallað þótt Breiðholtsblaðið leyfi sér að nefna Anitu íþróttamann blaðsins árið 2013.

Betra Breiðholt vill koma upp póstlista



Frá einum af fundum íbúasamtakanna Betra Breiðholts en þeir eru jafnan haldnir í Gerðubergi.

„Stjórn Íbúasamtakanna Betra Breiðholts hefur áhuga á að ná betur sambandi við íbúana í Breiðholti. Einnig hefur stjórnin áhuga á að efla upplýsingar um það sem er í gangi hverju sinni,“ segir Helgi Kristófersson formaður Betra Breiðholts í samtali við Breiðholtsblaðið.

Helgi segir að ekki séu allir

með Facebooksíður og því væri mikill áhugi á því ná saman póstlista með netföngum íbúa. Hann segir að slíkur listi yrði einungis hugsaður til að koma skilaboðum til íbúa Breiðholtsins. „Til þess að þetta gangi þurfa íbúar í Breiðholti og aðrir sem hafa áhuga á að fylgjast með starfi samtakanna að skrá sig á póst-

lista. Skráningin felst í því að íbúar og aðrir senda tölvupóst á betrabreidholt@gmail.com“ Helgi segir að einungis þurfi að senda nafn og netfang. Ekki sé nauðsynlegt að láta heimilisfang fylgja með. Hugmyndin með póstlistanum sé eingöngu að auka upplýsingaglæði til í búa Breiðholtsins.

FabLab Reykjavík opnað á morgun

FabLab Reykjavík í Eddufelli verður opnað við hátíðlega athöfn á morgun þann 24. janúar næstkomandi. Að FabLab Reykjavík standa Nýsköpunarmiðstöð, Reykjavíkurborg og FB. Guðrún Árdís Össurardóttir kennari á listnámsbraut FB á fyrsta FabLab námskeiðinu í Eddufelli.

Samstarfssamningur um FabLab smíðju, sem starfrækt verður í Eddufelli 2, var undirritaður í júlí. FabLab smíðjan er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Nýsköpunarmiðstöðvar og Fjölbautaskólans í Breiðholti. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar og Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari FB undirrituðu samninginn í Eddufellinu í Breiðholti þar sem FabLab Reykjavík verður til húsa. Gert er ráð fyrir að FabLab muni opna í október samkvæmt tímaáætlun en gera þarf húsnaðið upp og kaupa tækjakost fyrir verkefnið. Áætlaður kostnaður við verkefnið eru um 70 milljónir króna.



Guðrún Árdís Össurardóttir kennari á listnámsbraut FB sem mun kenna á fyrsta námskeiðinu í Eddufellinu.

VT FASTEIGNIR ER FASTEIGNASALAN ÞÍN

Hafðu samband í síma 537-9988

Höfum á skrá ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignaflokkum:

Sérbyli, verðmæti allt að kr. 50 milljónir.

2ja til 4ra herbergja íbúðum í Bakka-, Hóla-, Fella- og Seljahverfi, verðmæti allt að kr. 25 milljónir.

Finum fyrir mikilli eftirspurn eftir 4ra herbergja íbúðum í Seljahverfi.

VT Fasteignir • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • www.vtfasteignir.is

Við erum búsett í hverfinu og þekkjum það vel.



Guðrún A. Aðalheiðard.
Sölufulltrúi
Sími 861 8046
gudrun@vtfasteignir.is



Kristinn Tómasson
Lögg. fasteignasali
Sími 820 6797
kristinn@vtfasteignir.is



Viðskiptatengsl eru okkar fag



PLANET PIZZA

PIZZA GRILL

5 444444

PIZZA.IS

TILBOÐ

Sótt

TILBOÐ 1

TAKE AWAY

Þú sækir pizzu, 2 lítra gos og færð
aðra pizzu í sömu stærð frítt með
Aðeins greitt fyrir dýrari pizzuna

Sótt

TILBOÐ 2

TAKE AWAY

Þú kaupir Hamborgara
franskar og gos og þá fylgir annar
hamborgari og franskar frítt með

Sótt

TILBOÐ TAKE AWAY

9" pizza með tveimur álleggstegundum og lítil gos á **990 kr.**

Hamborgari, franskar og lítil gos **990 kr.**

Brauðstangir og lítil gos **490 kr.**

Lítill franskar og lítil gos **490 kr.**

Gildir ekki með öðrum tilboðum

Seljabraut 54 og Langarima 21 Take-away - Heimsending

VIÐTALIÐ

Viljum ná til sem flestra

Ágústa Halldóra Gísladóttir tók við starfi verkefnastjóra félagsstarfs í Árskógum í Breiðholti 1. júní á liðnu ári. Ágústa er tómstunda- og félagsmálafræðingur frá Kennaraháskóla Íslands nú Háskóla Íslands. Hún starfaði um tíð sem íþrótta- og tómstundafulltrúi í Grindavík þar sem hún býr en tók við starfi íþrótta- og frístundaráðgjafa við Þjónustumiðstöð Breiðholts fyrir nokkrum árum þar sem hún starfaði allt þar til að hún tók við verkefnastjórn í Árskógum þegar Elsa Haraldsdóttir lét af störfum sökum aldurs. Þótt Ágústa hafi aldrei búið í Breiðholti hefur hún kynnst byggð og fólki frá ýmsum hlíðum sökum starfa sinna og býr einnig yfir því að horfa að Breiðholtið utan frá. Ágústa spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni ásamt Adré Zoren Ivanovítc, Zilvinas Balkevicius sem báðir starfa við félagsstarfið í Árskógum og Önnu Kristínu Bjarnadóttur sem nýverið tók við starfi umsjónarmanns félagsstarfsins í Gerðubergi.

Ágústa segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á félagsmálum og nánast koma úr ungmennafélags-hreyfingunni. „Ég er fædd í Ólafsfirði og hafði nokkra viðkomu í Reykjavík á æskuárum þar sem ég náði í Melaskólann og Gaggó Vest eins og hann var kallaður. Síðan lá leið mín til Grindavíkur þar sem ég hef búið síðan. Í Grindavík kynntist ég ungmennafélagshreyfingunni af alvöru. Eftir að ég kom suður eftir var hafist handa við að endurreisa Ungmennafélag Grindavíkur af miklum krafti. Þá var mikill hugur innan ungmennafélagshreyfingarinnar undir forystu þeirra Hafsteins Þorvaldssonar á Sel-fossi og Sigurðar Geirdal sem síðar varð bæjarstjóri í Kópavogi. Þeir hreinlega endurvöktu þessa hreyfingu á sjöunda áratugnum. Ég hafði mikinn áhuga á íþróttum og útlífi og tók þátt í endurreisnarstarfinu sem fór fram í Grindavík og starfaði með félaginu af fullum krafti. Þetta hefur verið svona samfelld þróun hjá mér. Ég sótti nám í Íþróttaskóla Sigurðar Guðmundssonar á Leirá og fór síðar Kennaraháskólann þegar opnuð var braut tómstunda- og félagsmála undir stjórn Vöndu Sigurgeirsdóttur.“

Gott tækifæri að breyta til

En hvað kom til að Ágústa sem fyrir löngu var orðinn innfæddur Grindvíkingur sóttist eftir að starfa í Breiðholti. „Þegar þetta starf losnaði þá fannst mér það vera gott tækifæri til þess að breyta til. Mér fannst Breiðholtið vera spennandi starfsvettvangur og hef ekki orðið fyrir vonbrigðum að því leyti. Þótt ég þurfi að aka nokkra vegalengd í vinnuna þá sé ég ekki eftir að hafa tekið þessa beygju í lífi mínu. Þótt mér litist vel á Breiðholtið strax í byrjun þá var ég svolítið blaut á bak við eyrun. Ég þekkti samfélagið ekki nema af nokkurri afspurn en reyndi að koma þangað með opinn huga. Ég var ekkert hrædd við að takast á hendur verkefni í Breiðholti þótt það væri um tíu sinnum stærra samfélag en þar sem ég starfaði áður að sam-bærilegum málum. Á þeim árum sem ég hef starfað hér finnst mér



Adrés Zoren Ivanovítc, Ágústa Halldóra Gísladóttir, Anna Kristín Bjarnadóttir og Zilvinas Balkevicius.

kostir Breiðholtsins hafa komið betur og betur í ljós. Hverfið eða byggðin og fólkið hefur vaxið mjög við nánari viðkynningu. Eitt af því sem ég hef veitt sérstaka athygli er hversu Breiðholtið er barnvænt og góð aðstaða fyrir fólk til að ala upp börn.“ Ágústa kveðst hafa heyrt ýmislegt sem skrifað hafi verið um Breiðholtið í gegnum tíðina – sumt ekki réttmætt. „Maður komst ekki hjá því að sjá hvað skrifað var í blöðin. Ég tel að ýmsar blaðaðumsagnir í gegnum tíðina hafi verið mjög óréttlátar og jafnvel ekki átt við nein rök að styðjast. Alla vega er mín reynsla af allt öðrum toga. Vissulega auðveldaði mér að ég kom inn í vel skipulagt starf sem að miklu leyti var unnið af þráni Hafsteinsyni syni Hafsteins Þorvaldssonar sem lengi var formaður Ungmennafélags Íslands. Ég hef síðan verið að þróa starfið og auka samstarf á milli þeirra aðila

sem annast félags- og tómstundastarf í hverfinu. Ýmsir öflugir aðilar hafa komið að því verki og síðan varð ákveðin stefnubreyting af hálfu borgarinnar með skipun hverfisstjóra í Breiðholti. Það er ákveðið tilraunaverkefni til þriggja ára og Óskar Dýrmondur hverfisstjóri hefur lagt mikið upp úr og unnið ótúllega að því að efla samstarfið og skapa því eina heild. Óskar dregur vagninn í þessu starfi og mér finnst nýjar hugmyndir hafa fengið góðar viðtökur og hljómgrunn.“

Eldri borgarar hraustari en áður

En af hverju Árskógar. Hvað kom til að Ágústa sóttist eftir að taka við starfinu þar. „Ég held að það sé bara þróun. Elsa var að láta af störfum og ég hafði kynnst Árskógum og starfinu þar í gegnum mitt fyrra starf við Þjónustu-

ADRÉS ZOREN IVANOVITC

Adrés Zoren Ivanovítc er frá Sloveníu og hefur búið á Íslandi í mörg ár. Hann er menntaður í hagfræði, hefur sinnt tölvuþjónustu og starfað við félagsþjónustuna í Breiðholti, í Árskógum og í Gerðubergi að undanfögnu. Eitt af áhugamálum Adrés er myndaspil fyrir fólk sem farið er að glata minni eða þjáist af minnisleysi. „Við erum kannski of snemma á ferðinni. Það tekur tíma að vinna slíkt spil en það getur hjálpað fólki sem á við minnisvanda að etja að viðhalda minni og jafnvel að þjálfra sig í að endurheimta eitthvað af því sem það hefur glatað.“

ANNA KRISTÍN BARNADÓTTIR

Anna Kristín Barnadóttir tók nýverið við starfi forstöðumanns félagsstarfsins í Gerðubergi af Guðrúnu Jónsdóttur sem lést á liðnu hausti. Anna Kristín er Hafnirfræðingur og hafði starfað um tveggja áratuga skeið að æsku- og íþróttamálum í Hafnarfirði þegar hún réðst til Gerðubergs. Hún segir góða tilbreytingu felast í því að koma að félagsstarfinu. „Ég tók við ákaflega góðu búi þar sem samheldni hefur ríkt í gegnum tíðina. Þetta er góður hópur sem tekur þátt í félagsstarfinu og sumir eru búnir að eiga samleið með því lengi. Mér finnst ég hafa fengið gott tækifæri til þess að starfa með góðu fólki í Gerðubergi bæði því sem stendur að félagsstarfinu og utan um það og einnig fólkinu sem stýrir og annast um rekstur menningarmiðstöðvarinnar.“ Anna Kristín segir að nýir siðir fylgi gjarnan nýju fólki en hún hugsar sér að þróa þetta hægt og sigandi. „Fólkið er ánægt en ég mun reyna að auka við fjölbreytnina eftir því sem tækifæri gefst.“

ZILVINAS BALKEVICIUS

Zilvinas Balkevicius er frá Litháen og hefur búið hér í um sex ár. Hann er menntaður myndlistarmaður og er með meistaraþráðu í skúlptúr. Zilvinas hefur starfað í Árskógum um fjögurra mánaða skeið. „Ég fæst einkum við að vinna með fólki að andlitsteikningum og einnig smíðum og að vinnu með tré hér í Árskógum auk þess sem ég starfa í Borgarleikhúsinu. Mér finnst afskaplega gott að starfa hér. Fólkið er áhugsamt og hefur gaman af því sem það er að gera.“ Zilvinas starfar einnig í Borgarleikhúsinu auk þess að vinna að list sinni. Hann tekur nú þátt í listahátíðinni. „Ferskir vindar í Garði“ sem hefur verið haldin í nokkur undanfarin ár og listamönnum víðs vegar að boðin þátttaka.

miðstöðina. Við Elsa voru búnar að vinna mikið saman og eins hafði ég átt ágætt samstarf við Kristján sem var forstöðumaður á undan henni. Mér fannst því liggja beint við að bjóða mig fram til starfans. Það er líka gaman að taka þátt í þeim breytingum og þróun félagsstarfsins sem eru að verða með nýrri stefnu Reykjavíkurborgar í félagsstarfi. Eldri borgurum fjölgar stöðugt sem hlutfall af íbúafjölda – jafnt í Breiðholtinu sem annarsstaðar. Þessar breytingar felast að hluta til í því að meira er byggt á sjálfstætt starfandi aðilum og sjálfboðaliðum. Þessar breytingar miða líka að því að uppfylla breyttar þarfir eldra fólks. Þótt eldri borgurum fjölgi þá eru margir sem komnir eru á efri ár mun heilsuhraustari en endir kynslóðir. Þar munar miklu um að þetta fólk hefur lifað við önnur lífs- og starfskilyrði og er ekki eins slitið og illa farið af mikilli erfiðisvinnu og fyrri kynslóðir. Eldra fólk í dag hefur því oft mun meiri starfsgetu og einnig fjölbreyttari áhugamál en áður var.“

Unnið markvisst gegn einangrun

Ágústa segir aðstæður eldra fólks þó breytilegar og einstaklingsbundnar. Eitt af því sem við erum að vinna að er að sporna gegn einangrun eldra fólks. Það er alltaf nokkuð um að eldra fólk

einangrist. Oft er um að ræða fólk sem ekki á nána ættingja eða að tengsl við þá hafa rofnað af einhverjum ástæðum. Oft er lítið vit að um þessa einstaklinga og hagi þeirra en þegar þörf er orðin á heimilisþjónustu. Við reynum að vinna út frá áhugamálum fólks og reynum að fara eftir óskum þess þegar því er boðin þátttaka í einhverju af því sem félagsstarfið hefur að bjóða.“Ágústa segir um nokkuð margt að velja. „Við erum að bjóða fólki til þátttöku í margskonar félagsstarfi sem ekki er bundið við starfið hér í Árskógum eða í Gerðubergi. Það er svo margt í boði í þessum efnunum á hinum ýmsu stöðum auk þess sem fólki býðst félagsleg heimilisþjónusta. Óskir fólks eru líka margvíslegar. Eitt hentar einum og annað öðrum og við reynum að virða þarfir flestra eftir bestu getu enda markmið-

ið að vinna með markvissum hætti gegn einangrun fólks.“ Sem dæmi um áhuga og þarfir fólks nefnir Ágústa að hittast og spjalla saman og sinna handavinnu þar sem trévinna og útskurður nýtur mikilla vinsælda auk fleiri tómstundabátta. Við leitum eftir hugmyndum frá þeim sem njóta félagsstarfsins ekkret síður en þeirra sem sinna launuðum störfum. Við erum með hugmyndakassa þar sem fólk getur lagt fram hugmyndir um eitt og annað sem það langar til að gera eða eitthvað sem kanna að henta starfinu. Mín áhersla er á að sem flestir verið virkir með einhverju móti og geti notið starfsins en notendaráð eru starfandi bæði í Árskógum og Gerðubergi.“

Okkur vantar dagvistun

Ágústa segir að það sem helst

vanti sé möguleiki á dagvistun í Breiðholtinu. „Við erum ekki með dagvistun og fólk er að fara út um allt í borginni eftir þjónustu sem dagvistin veitir. Eftir að Fagrabergið kom til sögunnar við Hólaberg og áfast við Gerðuberg eru báðar félagsmiðstöðvanar komnar í tengsl við íbúabyggð sem er

kostur. En það skapar vanda að þurfa að fara með fólk sem þarfnast dagvistunar langar leiðir – bæði fyrir fólkið sjálft og þá sem eru að sinna þörfum þess. En í heildina tekið er mjög ánægjulegt að starfa hér í Árskógum. Hér er yndislegt fólk sem gaman er að eiga samskipti við og starfa með.“

APENA

HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

www.borgarblod.is

Opið alla daga frá kl. 11 til 23.

Kebab express

Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414

Löður

Löður er með á allan bílinn

Rain-X býður upp á fullkomna yfirborðsvörn

Rain-X verndar bílinn, eykur útsýni og öryggi

Hreinn bíll eyðir allt að 7% minna eldsneyti

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu

www.lodur.is - Sími 544 4540



Leiklistarnámskeið í Söguhring kvenna

Boðið verður upp á leiklistarnámskeið í Söguhring kvenna frá og með sunnudeginum 12. janúar og fram í maí. Námskeiðið verður haldið í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og Borgarbókasafni, Gerðubergi 3 til 5. Umsjón hafa þær Helga Arnalds og Aude Busson.

Hist verður tvisvar til þrisvar í mánuði; dagana 12. og 26. janúar, 2. og 16. febrúar, 2. 16. og 30. mars, 13. og 27. apríl og 11. maí.

Námskeiðið er ókeypis og í boði Söguhrings kvenna, sem er samstarfsverkefni W.O.M.E.N-Samtaka kvenna af erlendum

uppruna á Íslandi og Borgarbókasafns Reykjavíkur. Yfirskrift námskeiðsins er Hlustað á efnið og er markmið þess fyrst og fremst að eiga skemmtilegar og skapandi stundir saman. Þátttakendum er boðið uppá ýmsar leikrænar æfingar sem miða að því að tala og vinna saman í hóp, treysta og hlusta á hver aðra. Auk þess læra þátttakendur að tjá sig með öðrum hætti en í daglegu lífi. Það verður unnið með myndrænt leikhús og hlutaleikhús í spuna. Nú gefst frábært tækifæri til að hlæja mikið og taka þátt í nýju og skapandi verkefni Söguhrings kvenna!

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur

Spilakaffi í Gerðubergi

Nú getur fólk komið í Gerðuberg í hverjum mánuði og spilað valin spil, ásamt leiðbeinanda frá Spilavinum því nýrri viðburðaröð var komið á fót í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi nú í janúar. Nefnist hann Spilakaffi og verður haldin í samstafi við Spilavini.


Spilakaffi. Fyrsta Spilakaffi ársins var haldið miðvikudaginn 15. janúar þar sem Spilavinir kynntu fyrir gestum tveggja manna spil eins og t.d. Sequence, Qwirkle, 10 days spilin, Dominion, 11 nimmt, Carcassonne og fleiri spennandi spil. Spilakaffi er haldið á miðvikudagskvöldum en á þeim kvöldum er alltaf eitthvað um að vera í Gerðubergi. Dagskráin skiptist þá í Handverkskaffi fyrsta miðvikudagskvöldið í mánuði, Spilakaffi annað miðvikudagskvöldið, Heimspekikaffi það þriðja og Bókakaffi fjórða miðvikudagskvöldið í mánuðinum. Markmiðið með þessum kvöldum er að gefa gestum kost á að kynnst áhugaverðum umfjöllunarefnum í notalegu umhverfi.



Helga Jónasdóttir sýnir í Boganum

Helga Jónasdóttir opnaði myndlistarsýningu í Boganum í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi sunnudaginn 19. janúar. Nefnist sýningin Krafur sem er einkennandi fyrir þessa konu sem hefur verið iðin við að mála síðast liðin 17 ár þá komin fast að sjötugu hún er nú 87 ára gömul.

Helga kveðst ekki líta á sig sem listakonu heldur hafi hún byrjaði bara að mála því hana hafi langað til þess. Þá fór hún að sækja myndlistarnámskeið hjá listakonunni og myndlistakennaranum Hörpu Björnsdóttur. Helga malar með olíu á striga og viðfangsefni hennar er oftast íslenskt landslag eða náttúra landsins í fjölbreytileika sínum. Í verkum Helgu fangar sérstök litablöndun, ásamt þykkt og áferð olíulitanna, athygli áhorfandans. Hún malar með spöðum í stað pensla. Gróf áferðin sem þannig fæst dregur fram ljós og skugga í formum náttúrunnar og gæðir þau kviku lífi. Myndlistin hefur þó alltaf blundað í Helgu sem fékk hæstu einkunn í teikningu í grunnskóla. Hún stundaði síðan nám við Menntaskólann í Reykjavík og síðar Kennarskólann þaðan sem hún lauk prófi. Að því búnu kenndi hún við Langholtsskóla nánast samfelld í 30 ár. Þegar Helga var 58 ára fékk hún launað námsleyfi frá kennslu í eitt ár. Hún hóf dönskunám í Háskóla Íslands. Þegar hún hafði lokið BA gráðu í dönsku ákvað hún að fara í meistaranám og lauk þeirri gráðu þegar hún var komin yfir sjötugt. Helga hefur einnig ætíð verið óhemju iðin við handavinnu. Hún hefur



Eitt verka Helgu.



Helga Jónasdóttir

heklað, prjónað og saumað fatnað. Þegar Helga var um fimmtugt sótti hún myndlistarnámskeið hjá samkennara sínum, tónskáldinu og myndlistamanninum, Sigfúsi Halldórssyni. Síðar hélt hún áfram námi á námskeiðum við Myndlistaskóla Reykjavíkur. Þegar hún var komin undir sjötugt skráði hún sig á námskeið hjá Mími og lagði þar stund á myndlist undir handleiðslu listakonunnar og myndlistakennarans Hörpu Björnsdóttur. Þeirra samvinna hefur staðið óslitið síðan. Sýningunni Helgu Jónasdóttur lýkur 23. mars.

SKRÁNING HAFIN HJÁ LEYNILEIKHÚSINU!!



www.leynileikhusid.is
info@leynileikhusid.is
 Sími: 864-9373

- LEIKGLEÐIII!
- Spuni
- Tjáning
- Sjálfstraust
- Samvinna

**12 vikna námskeið
2. - 10. bekkur**

**Námskeið um allt
höfuðborgarsvæðið,
m.a. í Seljaskóla**



Leikskólinn Vinaminni er 20 ára

Leikskólinn Vinaminni er sjálfstætt starfandi leikskóli í Asparfelli 10 – til 12 í Reykjavík. Hann hóf starfsemi sína 14. janúar 1994 og varð því 20 ára nú 14. janúar 2014. Þetta er stór áfangi í starfi leikskólans og má segja að mikið vatn sé runnið til sjávar frá því í janúar 1994 Sólveig Einarsdóttir leikskólastjóri segir að fyrstu árin hafi verið erfið því sjálfstæður rekstur leikskóla var ekki upp á pallborðinu í þá dag.

„Við leikskólastjórnendurnir í sjálfstætt starfandi leikskólum fengum ekki að vera í félagi leikskólakennara og fáum það reyndar ekki enn þann dag í dag 14. janúar 2014. Sjálfstæðum skólum fjölgaði jafnt og þétt og 10. mars 2005 voru stofnuð samtök sjálfstæðra skóla. Þetta voru tíma-mót í sögunni, sjálfstæðu skólarnir mynduðu sterk samtök sem gæta hagsmuna þessara skóla og efla samheldni þeirra og eru í fyrirsvari fyrir sjálfstæða leik og grunnskóla gagnvart opinberum aðilum, þarna skapaðist vettvangur fyrir umræður og skoðana-skipti sem var gullsígið fyrir okkur.“ Sólveig segir að þegar Vinaminni varð fimmtán ára 14. janúar 2009 hafi leikskólinn verið búin að slíta barnaskónum og komin yfir á unglingsárin. „Barnaárin eiga að vera áhyggjulaus þar sem börnin gleðjast yfir öllu og leggja allt traust sitt á foreldra og full-orðna sem þau umgangast eins og t.d. starfsmenn leikskólans. Unglingsárin geta verið erfið og umbrotasöm þegar unglingarnir eru að togast á við hugsunina „haltu mér slepptu mér“ en þessi ár geta líka verið skemmtileg, fræðandi, öðruvísi en um fram allt sérstök og áhugaverð. Þannig getum við litið á leikskólann Vinaminni, það hafa komið mjög erfiðir tímar en með þrautseigju, gríðarlegum áhuga og jákvæðum vilja hafa góðu og skemmtilegu tímabilin orðið yfirsterkari og haldið velli.“ Sólveig segir að síðla hausts árið 2011 hafi leikskólinn stækkað um helming. „Húsnæðið sem Nuddskóli Reykjavíkur var í losnaði og okkur bauðst það til afnota fyrir skólann. Öll starfsaðstaða fyrir börn og starfsmenn breyttist til hins betra. Starfið með börnunum varð léttara og



Börnin í Vinaminni tóku lagið á afmælisdaginn en söngur er hluti af þjálfun leikskólastigsins.

skemmtilegra í nýju og rúmgóðu húsnæði, starfið er samt enn í mótun sem er bara eðlilegur hlutur því eins og við vitum þarf allt að hafa sinn tíma til að ná jafnvægi eftir miklar breytingar.“

Kominn á fullorðinsár

„Og nú er leikskólinn kominn yfir á tíma sem við getum kallað fullorðinsár, stór, nokkuð fastur í skorðum og á framabrotinu“, segir Sólveig. „Á fullorðinsárunum viljum við afla okkur reynslu í starfi og lífi sem gefur okkur tækifæri og frama í því sem við erum að gera og við höfum menntað okkur til. Það þarf að verða þróun í leikskólastarfinu eins og öllu öðru þó svo að umhyggja og gleði þurfi að ráða ríkjum svo einhver þróun geti átt sér stað. Leikskólinn er samkvæmt lögum fyrsta skólastigið og börnin eru það dýr-mætasta sem við eigum þau eru framtíð lands og þjóðar og okkur ber skylda til þess að hlúa vel að þeim og leggja grunn að gæði uppeldis og menntunar þeirra. Í Vinaminni höfum við þróað leikskólastarfið með börnunum á þeim tuttugu árum sem eru liðin síðan hann hóf starfsemi sína.“

Leikurinn er besta kennslutækið

Sólveig segir fagfólk leikskól-

ans skipuleggja og undirbúa starfið með börnunum. „Fagfólk-ið ígrundar reglulega starfið og endurskoðar og endurmetur hvað er gott og hvað mætti betur fara. Síðan eru gerðar endurbætur þar um með hag barnanna í fyrsta sæti. Við leggjum aðaláherslu á að börnunum líði vel, að þau séu hamingjusöm í leikskólanum sínum, glöð og hafi nóg að starfa. Starfið þarf að vera þannig að það hvetji börnin áfram í þekkingar-leit sinni svo þau geti þroskast og dafnað á eigin forsendum í gegnum leikinn. Við erum svo heppin á leikskólastiginu að hafa það besta kennslutæki sem til er fyrir börnin en það er „leikurinn“. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni og dýrð er vinna barnanna, þau tjá reynslu sína í gegnum leikinn og þau læra hvert af öðru. Leikurinn er kjarninn í uppeldi og menntun leikskólabarna.

Börnin geta það sem þau fá tækifæri til að gera, þau eru fróð-leiksfús, áhugasöm og þau þyrstir í þekkingu. Við sem störfum með börnunum þurfum að setja verkefni þannig fram að þau séu áhugaverð og veki hjá börnunum löngun til að vita meira í dag en þau vissu í gær.

Við sem störfum með börnunum í Vinaminni horfum björtum, jákvæðum augum fram á veginn og hlökkum til að takast á við ný



Börn, foreldrar og aðrir velunnarar samankomin á afmælisdaginn. Séra Svavar Stefánsson sóknarprestur er til hægri á myndinni.



Gætt sér á afmælistökunni.

verkefni jafnframt því að halda áfram á sömu braut og við höfum verið á,“ segir Sólveig Einarsdóttir leikskólastjóri.

www.breiðholt.is

Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- Ætlar þú að fara með ökunema í æfingaakstur? Við bjóðum upp á sérstakt leiðbeinendanámskeið vegna æfingaaksturs á tveggja vikna fresti.
- Þarf þú að bæta þekkingu þína á nýjungum í umferðinni? Bjóðum upp á bæði fræðilega og verklega þjálfun.
- Bóklegt nám fyrir alla flokka ökunáms.
- Meirapróf.
- Nýjung, ökuhermar notaðir við kennslu.
- Fagmennska í fararbroddi.



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Ópið 10–17 alla daga.

www.bilprof.is

Gleði, leikur og fjölmennning í Gerðubergi

Söguhringur kvenna býður uppá ókeypis leiklistarnámskeið fyrir konur í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi - Borgarbókasafni. Námskeiðið hófst sunnudaginn 12. janúar og lýkur sunnudaginn 11. maí en námskeiðin eru tvisvar til þrisvar í mánuði (26. jan, 2. og 16. feb., 2.,16. og 30 mars, 13. og 27. apríl). Umsjón með námskeiðinu hafa þær Helga Arnalds og Aude Busson. Skráning á námskeiðið fer fram hjá Amelia Mateeva, í netfangi amelia@womenin-iceland.is

Á námskeiðinu er unnið útfrá yfirskriftinni „Hlustað á efnið“ og í kjölfarið eru leikrænar æfingar sem miða að því að tala og vinna saman í hóp, treysta og hlusta á hverja aðra. Þátttakendur læra að tjá sig með öðrum hætti en í daglegu lífi en unnið er með myndrænt leikhús og hlutaleikhús í spuna. Síðastliðinn sunnudag mættu 23 konur á námskeiðið. Undirrituð ræddi við Mirelu - einn þátttakenda, Helgu umsjónarkonu og Kristínu skipuleggjanda, um námskeiðið.

Að finna sameiginlegt tungumál

Enn hægt að skrá sig! Fram kom hjá Kristínu að enn er hægt að skrá sig á námskeiðið og það væri gaman að fá fleiri konur úr Breiðholti og íslenskar konur. Eitt að markmiðum verkefnisins er að blanda saman fólki frá ýmsum heimsálfum. Að finna sameigin-

legt tungumál. Mirela Protopapa starfsmaður Reykjavíkurborgar og einn þátttakaenda í námskeiðinu sagði að námskeiðið hefði verið frábær skemmtun og mjög góð leið til að kynnst öðrum konum. Leikræn tjáning er frábær leið til að opna sig, hlæja og æfa sig í leiðinni í tungumálinu.

Helga, önnur umsjónarkvenna námskeiðsins, er leik- og myndlistarkona sem hefur skrifað leikrit, rekið barnaleikhús og síðustu ár tvinnað saman aðferðir mynd- og leiklistar. Helga hefur áður unnið með Söguhringnum að gerð listaverksins Tölum saman. Í leiklistarnámskeiðinu leggjum við t.d. áherslu á að finna sameiginlegt tungumál í efni og myndmáli, spinna með efni t.d. pappír. Helga og Aude eru að vinna sama í fyrsta sin en Aude er dansari og meðlimur leikhópsins Við og við sem býður upp á leiklistarnámskeið fyrir innflytjendur í Borgarleikhúsinu. Þær voru mjög ánægðar með fyrsta tímann og það var frábært að sjá hve leiklistin og önnur tjáningarform leysa ákveðna orku úr læðingi, losa um höft og leyfa okkur fullorðnu konum að leika okkur og hlægja saman.

Allir upplifðu vellíðan

Kristín Rannveig Vilhjálmisdóttir er verkefnastjóri fjölmennningar hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur og hefur haldið utan um skipulag námskeiðsins . Ég settist niður með Kristínu til að ræða um



Þátttakendur í leiklistarnámskeiði Söguhringsins í Gerðubergi staddir við Íslandskortið í Þjóðminjasafninu.

leiklistarnámskeiðið og önnur fjölmennningarverkefni. Kristín sem sjálf tók þátt í námskeiðinu fann strax hversu jákvæð áhrif leiklistaræfingar hafa á samskipti og sjálfsmynd kvennanna. Þátttakendur komu inn á námskeiðið sem einstaklingar en gengu út sem hópur. Mismunandi var á milli þátttakenda hvort þær væru vanar að koma fram eða ekki en það skipti engu máli allir tóku þátt feimnir og ófeimnir, extrovertar og introvertar. All-

ir blómstruðu og upplifðu þá vellíðan sem felst í því að leika og hlægja saman. Námskeiðið fór aðallega fram á íslensku en einnig á ensku fyrir þær sem ekki höfðu náð tókum á íslenskunni. Í kaffitímanum eftir námskeiðið var lifandi stemming og þar hljómuðu fjölmörg tungumál.

Fram kom hjá Kristínu að leiklistarnámskeiðið er liður í starfi Söguhringsins sem stofnaður var í nóvember 2008 og er samstarfsverkefni W.O.M.E.N- Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og Borgarbókasafns Reykjavíkur. Söguhringurinn leggur áherslu á að nota sköpun og list sem tæki til að leiða konur saman óháð uppruna og til að gera grósku fjölbreytileikans sýnilegan í samfélaginu. Dæmi um verkefni Söguhringsins eru t.d. 3 listaverk, eitt í Aðalsafni Borgarbókasafnsins sem heiti „Tölum saman“ og er gert úr tölum, annað í Ráðhúsinu, „dot.com“, sem er tákn um fjölmenningu og litríkt kort af Reykjavík, þriðja listaverkið var afhjúpað af Vigdísí Finnbogadóttur í haust í Þjóðminjasafninu og er nýtt Íslandskort sem unnið var með aðferðum frumbyggja í Ástralíu. Kaffitár pantaði listaverkið hjá Söguhringnum og verður það notað á umbúðir fyrirtækisins og í öðru kynningarefni . Stuðningur Kaffitárs við Söguhringinn greiðir allan kostnað af leiklistarnámskeiði vorsins.

kvikmyndum o.s.frv. Café Lingua verður á vorönn unnið í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, deild erlendra tungumála og námsgreinina „Íslenska sem annað mál“ í Háskóla Íslands, Bíó Paradís og Menningarmiðstöðina Gerðuberg. Kaffið verður því ekki bara í Borgarbókasafninu heldur einnig í Gerðubergi, Bíó Paradís og Háskóla Íslands. Fyrsta kaffi vorannar verður í febrúar en upplýsingar um dagskrá verða birtar á heimasíðu safnsins og samstarfsaðila og það er einnig hægt að ganga í facebookhópinn „Café Lingua – lifandi tungumál“ til að fylgjast með.

Heilahristingur (www.heilahristingur.is) er heimanámsaðstoð fyrir 4-10 bekk sem fer fram í Gerðubergssafni á miðvikudögum en það eru sjálfborðaliðar Rauða Krossins sem sjá um aðstoðina. Skóla- og frístunda-svið Reykjavíkurborgar er nýlega orðin formlegur samstarfsaðili í verkefninu en draumurinn er að einnig verði hægt að bjóða upp á tvítýngda heimanámsaðstoð í framtíðinni, þá gjarnan í nánu samstarfi við Móðurmál – samtök um tvítýngi. Fyrsti tíminn á nýju ári er miðvikudaginn 22. janúar kl. 14:30-16.

Fljúgandi teppi - Menningarmót

Fljúgandi teppi - Menningar-mót er fjölmennningarleg kennslu-aðferð sem Kristín skapaði í kennarastarfi sínu í Danmörku og hefur þróað síðustu fjórtán árin þar sem og hérlandis. Verkefnið er þverfaglegt og er unnið innan leik-, grunn – og framhaldsskóla en það snýst um að nemendur kynna sína persónulega menningu á margvíslegan hátt. Að lokinni innlögn og vinnu nemenda er hið eiginlega Menningarmót með söng-, dans- og tónlistaratriðum og markaðstorgi þar sem börnin kynna það sem skiptir mestu máli í lífi þeirra. Markmið verkefnisins er að gera styrkleika þátttakenda sýnilega og einnig að vekja athygli á það sem við eigum sameiginlegt. Verkefnið byggir á samstarfi við kennara, nemenda og foreldra og er það nú þegar orðið fastur þáttur í starfsemi sumra skóla í Reykjavík, þar á meðal á Rofaborg, í Ölduselsskóla, Fella-skóla, Ingunnarskóla, Háteigs-skóla, Tækniskólanum og Borgarholtsskóla undir handleiðslu verkefnastjórans.

Nánari upplýsingar um fjölmennningarstarf Borgarbókasafnsins má finna á vefsíðu þess www.borgarbokasafn.is undir þjónusta og fjölmennningarverkefni.

SGK

Er kominn tími til að gera eitthvað?

Námskeið sem opna þér nýjar leiðir



Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing

Hringsjá býður úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

Námskeiðin eru sniðin fyrir einstaklinga, 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Námskeiðin geta líka hentað þeim sem hafa litla grunnmenntun eða hafa átt erftitt með að tileinka sér hefðbundni nám. **Auk námskeiða býður Hringsjá líka fullt nám í 3 annir.**

Um er að ræða eftirfarandi námskeiði:

Stærðfræði fyrir byrjendur

Beitt er nýjum aðferðum til að skapa áhuga og jákvætt við horf til stærðfræði.

Sjálfstyrking

Styrkir nemendur í að tjá sig, sýna öruggari framkomu og almennt vera til!

Fjármál á mannamáli

Fjármál einstaklinga á mannamáli! Eykur skilning á fjármálum, bæði eigin og almennt.

TÁT – Tök á tilverunni

Bjargráð og færni í að takast betur á við daglegt líf og hindranir sem upp koma.

Minnistækni

Kennd er tækni til þess að efla og bæta minnið. Hentar þeim sem eiga við gleymsku eða skert minni að stríða.

Tölvugrunnur

Tölvunotkun fyrir byrjendur. Unnið á eigin hraða með aðstoð.

ÚFF - Úr frestun í framkvæmd

Farið yfir ástæður frestunar, einkenni og afleiðingar. Fyrir þá sem vilja hætta að fresta og fara að ná árangri í lífinu.

Í Fókus - Að ná fram því besta með ADHD

Eykur skilning á ADHD (athyglisbrest / ofvirkni) og hvernig hægt er að ná betri tókum á ADHD.



Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing

Frekari upplýsingar og skráning hjá Hringsjá í síma 510-9380 eða á hringsja.is

Menntun tilraunaverkefni í Breiðholti

Menntun núna - Tilrauna-verkefni um eflingu menntunar í Breiðholti er í undirbúningi. Verkefnið er liður í átaki til þess að hækka menntunarstig í íslensku atvinnulífi og er eitt af nokkrum verkefnum sem sett voru af stað í framhaldi af kjarasamningum aðila vinnu-markaðarins. Verkefnið er á ábyrgð stýrihóps um verkefnið „Nám er vinnandi vegur“. Yfir verkefninu er sjálfstæð verkefnastjórn sem í sitja fulltrúar helstu samstarfs- og hagsmunaaðila þ.e. stéttarfélaganna Eflingar og VR, Samtaka Iðnaðarins, Mímis símenntunar, IDUNNAR fræðsluseturs, Fjölbrautarskólans í Breiðholti, Háskólans í Reykjavík, Tækniskólans auk fulltrúa Reykjavíkurborgar en hverfisstjóri Breiðholts, Óskar Dýrmundur Ólafsson er formaður verkefnisstjórnar.

Unnið hefur verið að undirbúningi verkefnisins frá því í sumar en skýrsla og tillögur verkefnisstjórnar munu fara fyrir stýrihóp ráðuneytisins föstudaginn 24. janúar þar sem tekin verður ákvörðun um framhald og fjárhagsstuðning við verkefnið. Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri var jákvæður á niðurstöður fundarins „Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning verkefnisins og í skýrslu verkefnisstjórnar kemur m.a. fram að brýn þörf sem er til staðar í hverfinu (nærumhverfi íbúa) fyrir þá þjónustu og stuðning sem ætlunin er að bjóða upp á. Þá er verkefnið frábært tækifæri til þess að flétta saman þau kerfi, aðila og þjónustu sem tengjast menntun og námsstuðningi hjá borginni, framhaldsfræðslunni, aðilum vinnu- og háskólunum. Þær góðu fréttir bárust í upphafi árs að sambærilegt verkefni í Norðvestur kjördæmi hafi verið samþykkt, þannig að við erum vongóð“ segir Óskar.

Markmið verkefnisins: er að auka framboð og umræðu um menntun í Breiðholti samhliða því að byggja upp og samþætta þjónustu og stuðning við innflytjendur og fullorðin fólk sem ekki hefur lokið formlegu námi eftir grunnskóla. Ætlunin er að ná til fólks, vekja áhuga þess á námi, hvetja og styðja við þá sem vilja hefja nám að nýju. Jafnframt verður sjónum beint að innflytjendum og íslenskukennslu sem forsendu frekara náms, starfspróunar og aðlögunar að samfélaginu. Vettvangur verkefnisins verður í félagsaðstöðunni í Gerðubergi en þar er m.a. búið að setja upp tölvuver fyrir námsmenn auk þess sem til stendur að bjóða þar upp á námsstuðning og aðstöðu til heimanáms.

Ráðgjafabjónusta án endurgjalds

Samstarfsaðilar í verkefninu leggja til mismunandi úrræði og þjónustu en áætlað er að þjónusta og úrræði á vegum Menntunar núna fari af stað strax í febrúar.

úar. Eftirfarandi ráðgjöf verður veitt af samstarfsaðilum í Gerðubergi án endurgjalds: Mat á námi og starfsreynslu til styttingar á framhaldsskólanámi. Náms- og starfsráðgjöf, almenn viðtöl og áhugasviðsgreiningar

Ráðgjöf varðandi mat og greiningu á lesblindu. Stöðuþróf í íslensku fyrir innflytjendur og ráðgjöf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt

Félags- og fjármálaráðgjöf

Í Gerðubergi munu samstarfsaðilar standa fyrir íslensku- og samfélagsnámskeiðum fyrir innflytjendur, menntasmiðju, tölvunámskeið og undirbúningsnámi fyrir framhaldsskóla í Breiðholti. Jafnframt verður boðið upp á stutt opin námskeið og ýmsa viðburði. Mikið og gott samstarf verður við Fjölbrautarskólann í Breiðholti t.d. varðandi þjónustu náms- og starfsráðgjafa og nýtingu á aðstöðu í Fab Lab sem opnar formlega í Fellagörðum í lok janúar.

Gert er ráð fyrir að verkefnið ljúki í ágúst 2015 en markmiðið er að í verkefnislok verði hægt, með áframhaldandi aðkomu og stuðningi samstarfsaðila, að bjóða áfram upp á þá þjónustu og stuðning sem byggð verður upp í verkefninu. Horft er til möguleikans á því að yfirfæra þá þekkingu og samstarfsferla sem verða til í verkefninu yfir á önnur hverfi í borginni og stærri sveitarfélög í landinu.



Verkefnisstjórn og starfsmenn Menntun núna (MN) í Gerðubergi, frá vinstri: Óskar Dýrmundur Ólafsson, hverfisstjóri Breiðholts, formaður, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, fagstjóri starfsmenntamála VR, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari FB, Atli Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar, Mirela Protopapa starfsmaður MN, Björn Vilhjálmsson verkefnisstjóri MN, Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis, Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri IDUNNAR og fyrir framan hópinn Stefania G. Kristinsdóttir verkefnisstjóri MN. Á myndina vantar eftirfarandi fulltrúa í verkefnisstjórn þau: Björn Þór Jónsson, forseta tölvunarfræðideildar HR, Jón B. Stefánsson, skólameistara Tækniskólans, Katrínu Dóru Þorsteinsdóttur, forstöðumaður hugverkaíðnaðar og mannauðs hjá SI og Mariu Guðmundsdóttur, upplýsinga- og fræðslufulltrúi Samtaka ferðapjónustu.

Nánari kynning á þjónustu, ráðgjöf og námskeiðum á vegum verkefnisins verður send til Breiðhyllinga í febrúar, en auk þess

verður verkefnið kynnt á heimasíðu Breiðholts (www.breidholt.is). Einnig má setja sig í samband við verkefnisstjóra Menntunar

Núna, þau Stefaniu G. Kristinsdóttur (stefania@einurd.is) og Björn Vilhjálmsson (bjorn.vilhjalmsson@reykjavik.is).



Café Lingua

Áhugafólk um tungumál, mannlíf og samskipti hittist í kaffihúsinu í Gerðubergi.

22. febrúar kl. 14 - Albönsk tunga og menning

Umsjón: Félag Albana á Íslandi.

29. mars kl. 14 - Ítölsk tunga og menning

Umsjón: Ítalska félagið á Íslandi.

26. apríl kl. 14 - Filippseyks tunga og menning

Umsjón: Filippseyingar á Íslandi.

Fjölskyldustundir

Fjölskyldur með börn á aldrinum 0-6 ára koma saman og eiga notalega samverustund á **Þriðjudögum kl.13.30.**

Heilahristingur



Heimanámsaðstoð fyrir 5.-10. bekk. Sjálfboðaliðar Rauða krossins aðstoða á **miðvikudögum kl. 14.30-16.00.**

Verið velkomin! Ókeypis aðgangur á alla viðburði.

Á döfinni í Gerðubergssafni

Laugardagar eru barnadagar

Alla laugardaga kl. 14 er eitthvað skemmtilegt um að vera í barnadeildinni t.d. búningar, spil, litir og litablöð. Einu sinni í mánuði er skipulögð dagskrá.

8. febrúar kl. 13 - Heimsdagur barna Margskonar listsmiður og skemmtun fyrir börn og alla fjölskylduna.

8. mars kl. 14 - Viltu spila við mig? Spiladagur með Spilavinum sem kynna alls konar spil fyrir börn og fullorðna.

12. apríl kl. 14 Þáskaföndur fjölskyldunnar

Búum til skemmtilegt þáskaskraut! Allt efni á staðnum.

Bókakaffi

29. janúar kl. 20 - Minnisvarði í Manitoba

Í tilefni af hundrað ára fæðingaraðmæli Jóns Sigurðssonar 1911 skipulögðu Vestur Íslendingar fjársöfnun um gervalla álfuna.

Jónas Þór rekur söguna og ræðir bók sína Varðinn í vestri.

26. febrúar kl. 20 - Lygar, ýkjur og fals: sjálfsævisagan og sannleikurinn. Gunnþórunn Guðmundsdóttir fjallar um væntingar til sjálfsævisagna, sannleiksgildi og trúnað.

26. mars kl. 20 - „Það mælti mín móðir ...“

Magnús Jónsson fjallar um Egil Skallagrímsson, bernskuár hans, sonamissi og glímuna við sorgina og sjálfan sig.

29. apríl kl. 20 - Af blokkum og ekki

Björn Unnar Valsson leiðir bókmenntagöngu frá Gerðubergi og beinir sjónum að ljóðum sem kallast beint á við Breiðholtið eða ákveðna þætti í landslagi hverfisins.



Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is



BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

Afgreiðslutími
Mán, þri, fim 10-18
Mið 10-21
Fös 11-18
Lau + sun 13-16

Gerðubergssafn,
Gerðubergi 3-5
sími 557 9122
gerduberg@borgarbokasafn.is
www.borgarbokasafn.is
Verið vinir okkar á facebook!



Útskriftarnemendur frá FB 19 desember sl.

Útskrift af 23 námsbrautum

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti útskrifaði nemendur af 23 námsbrautum skólans, en útskrift frá skólanum fór fram við hátíðlega athöfn í Háskólabíói fimmtudaginn 19. desember. Þetta var í 75. skipti sem útskrifað er frá skólanum. Alls útskrifuðust 95 nemendur af stúdentsbrautum og 60 nemendur af margvíslegum starfnámsbrautum.

Egill Anton Hlökkversson var Dúx skólans að þessu sinni.

Hann hlaut verðlaun fyrir bæði bestan árangur á stúdentsprófi og einnig í rafvirkjun. Þá fengu Berta María Hreinsdóttir, Björg Gunnarsdóttir, Eva Gunnarsdóttir, Helga Guðrún Ingvarsdóttir, Hólmfríður Dröfn Guðmundsdóttir og Kolbrún Arna Jónsdóttir einnig verðlaun fyrir góðan námsárangur. Fjölmargir aðilar gáfu útskriftarnemendum verðlaun, en þeir eru Arion banki, Byko, Samtök iðnaðarins, Reykjavíkurborg og Sjúkraliðafélag Íslands.

Sjúkraliðafélag Íslands, Gídeonfélagið, Rotaryklúbbur Breiðholts, Soroptimistaklúbbur Hóla og Fella og Gámaþjónustan. Þrír útskriftarnemendur fluttu ávarp, þau Anton Reynir Hafðísarson, Íris Krístrún Kristmundsdóttir og Eliana Patricia C. Rodriguez, en hún kom sem flóttamaður til Íslands fyrir 7 árum ásamt móður sinni og fimm systkinum. Lýsti hún fyrir viðstöddum hvernig fjölskyldan þurfti að flýja heimaland sitt vegna borgarastyrjaldar og hvernig fjölskyldan hefði hafið nýtt og betra líf á Íslandi þar sem henni hafi m.a. gefist tækifæri til að stunda nám við FB. Nýstúdent, Auður Kristín Gunnarsdóttir söng tvö lög við undirleik Pálmars Óla-

sonar, fyrrum kennara skólans, en þau voru Leyndarmál og Hin fyrstu jólar. Að lokum flutti Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari FB kveðju til útskriftarnemenda og óskað þeim m.a. vel farnaðar í því sem þau tækju sér fyrir hendur.

sonar, fyrrum kennara skólans, en þau voru Leyndarmál og Hin fyrstu jólar. Að lokum flutti Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari FB kveðju til útskriftarnemenda og óskað þeim m.a. vel farnaðar í því sem þau tækju sér fyrir hendur.

Einkarekið apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



GARÐS APÓTEK

- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Hársnyrtistofan Galtará

Hraunbergi 4 • sími: 5572440

Óskar viðskiptavinum sínum gleðilegs árs og þakkar viðskiptin á liðnu ári.

Bjóðum gamla og nýja viðskiptavinum velkomna.

Kveðja Berglind, Bryndís, Gréta, Silla og Vilborg.

PROFESSIONAL SEBASTIAN™

Berta María hlaut viðurkenningu Rótarý

Rótarýklúbburinn Reykjavík-Breiðholt veitti viðurkenningu fyrir lofsverða ástundun og framfarir í námi við útskriftarathöfn Fjölbrautaskólans í Breiðholti við útskrift nemenda af haustönn þann 21. desember 2013. Þetta er í 44. sinn að nemandi sem lýkur stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti hlýtur námsverðlaun frá klúbbum og viðurkenningarskjal og nemur námsstyrkurinn 50 þúsund krónum.

Til verðlaunanna var stofnað í minningu Jóns Stefáns Rafnssonar, tannlæknis, eins af stofnfélögum Rótarýklúbbsins árið 1983 en Jón Stefán féll frá langt um aldur fram tveimur árum síðar. Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari, kynnti val verðlaunabegans og sagði:

„Það er ósk klúbbsins að verðlaunin verði veitt þeim nemanda sem skólinn telur hafa sýnt lofsverða ástundun og framfarir í námi, en auk þess verið mjög virkur í félagslífi innan skólans.

Ég flyt rótarýklúbbsnum þakki skólans. Berta María Hreins-

dóttir hlaut verðlaunin að þessu sinni. Hún lauk stúdentsprófi með fyrstu einkunn og hefur allan námstímann tekið virkan þátt í félagslífi skólans og sinnt nefndarstörfum. Vilhjálmur Þ.

Vilhjálmsson, forseti Rótarýklúbbsins Reykjavík-Breiðholt, var viðstaddur athöfnina í Háskólabíói og flutti Bertu Maríu hamingjuóskir frá klúbbum.



Berta María Hreinsdóttir með verðlaunaskjalið ásamt Vilhjálmum Þ. Vilhjálmssyni forseta Rótarýklúbbsins Reykjavík - Breiðholt. Ljós. Jóhannes Long.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

borgarblod@simnet.is

Skemmtilegur frítími

Pizza Planet við Seljabrautina



Högni snýr pizzubotni af fagmennsku.

Pizza Planet er pizzastaður við Seljabrautina. Nánar tiltek- ið við Seljabraut 54 við hliðina á þinni verslun. Högni Jökull Gunnarsson tók við rekstri stað- arins fyrir nokkru.

Högni sagði í samtali við Breið- holtsblaðið leggja mikla áherslu á heimsendingarþjónustuna. „Við erum í alfara leið við Seljabraut- ina og því auðvelt að veita bæði snögga og góða þjónustu. Það má segja að héðan sé stutt í allar áttir hvort sem þær eru innan Breið- holtsins, í austari hluta Kópa- vogs, á Norðlingaholti eða yfir í

Árbænum og Selásnum.“ Matseð- ilinn hjá Högna er fjölbreytilegur. „Við böfum pizzurnar á steini og bjóðum nýjar tegundir af pizzuá- leggi sem fólk hefur ekki sé áður. Við bjóðum einnig hamborgara með frönskum. Ég veit ekki hvort fólk hefur séð hamborgara með bernessósu en þeir eru á boðstól- um hjá okkur. Annars er bara að koma við og kíkja á staðinn eða fara inn á síðuna okkar þar sem allar upplýsingar er að finna. Ég vona að fólk verði ekki fyrir von- brigðum, segir Högni.“

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

Mikil verðlækkun

Verið velkomnar



Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

HÁRLAUSNIR

Hársmyrtistofa
Háteigavegi 2 - 105 Reykjavík

Herraklipping kr. 3.450.-

Tímapantanir í sími 552 1345

Húslestur í Seljaskóla

Húslestur hófst í Seljaskóla 10. janúar og lýkur honum í dag þann 23. Húslestur er heitið á lestrarspretti sem allir nemendur Seljaskóla taka þátt í þrisvar sinnum á hverju skólaári. Í Hús- lestri lesa nemendur á jafnréttis- grundvelli.

Bækur eru ekki taldar heldur þær mínútur sem nemendur lesa. Einnig má skrá þær mínútur sem foreldrar lesa fyrir börn sín. Hlut- verk foreldra er að hvetja barnið sitt áfram í lestrinum, mæla lestrarmínútur og skrá þær á sér- stakt eyðublað. Þétt hefur verið setið í bókasafni Seljaskóla að undanfögnu. Nýlega var keyptur stór og þægilegur sófi í safnið þar sem börnin sækjast eftir að láta fara vel um sig í og lesa bæk- ur. Aðsókn á bókasafnið er mikil og lestraráhuginn eftir því eins og sjá má á myndinni af börnum með bækur í sófanum góða.



Þéttsetin bekkurinn góði í bókasafni Seljaskóla.

Betra Breiðholt fyrir barnafjölskyldur

Sem uppalandi þriggja barna og virkur þátttakandi í foreldra- starfi leikskóla, grunnskóla, frí- stundastarfs og íþróttafélaga, hef ég kynnst mikilvægu starfi borg- arinnar í þessum efnum. Við þurf- um að bæta kjör barnafjölskylda og horfa á það sem skiptir þær mestu máli, ekki síst aðbúnað barnanna okkar í skólum, leik- skólum og tómstundastarfi.

Styðjum við foreldrastarf

Í Breiðholti eru góðri skólar en þar líkt og annarsstaðar þurfum við að tryggja meiri samfellu í skólastarfinu og nánara samstarf leikskóla, skóla og frístundaheim- ila við foreldra. Það tel ég vísa leið að bættum árangri og betri líðan barnanna okkar.

Því er haldið fram að 30% námsárangurs nemenda megi rekja til þess sem fram fer í skól- anum sjálfum, það er kennslu, skólabrags, aðbúnaðar og stjór- unar. Það eitt að í skólunum starfi afburða fagfólk er því ekki nóg til að tryggja árangur í námi. Allt að 70% af námsárangri nemenda má skýra með áhrifapáttum utan skólans, hér er fyrst og fremst átt við fjölskyldur nemenda og vini. Þessum mikilvægu þáttum þurf- um við að gefa mun meiri gaum á komandi árum og þar þarf borg- in að leggja meira af mörkum. Ábyrgðin er hinsvegar á herðum okkar allra sem í skólasamfélag-

inu hrærumst og sem borgarfull- trúi vill ég taka þátt í að efla þetta samtal og samvinnu skóla og nær- samfélags.

Gjaldfrjálsar skólamál- tíðir og val

Skólamáltíðir eru einnig mik- ilvægur þáttur í skólastarfi sem er stórlega vanmetin, hvort sem horft er til árangurs í skóla- starfi eða heilsu nemenda. Mér er það hjartans mál að allir skól- ar í Reykjavík verði heilsuefandi skólar. Skólamáltíðir ættu að standa öllum börnum til boða án gjaldtöku og það væri eðlilegt að val væri á milli tveggja valkosta í öllum máltíðum. Sem næring- arrekstrarfræðingur veit ég að valið eitt og sér ræður miklu um það hversu mikið börnin borða og hversu mikið fer í ruslið. Stað- reyndin er nefnilega sú, að með auknu vali má minnka sóun á mat, bæta matarlist og auka heil- brigði og starfsorku nemenda.

Þjónustumiðstöð Breið- holts – vinur í raun

Þjónustumiðstöð Breiðholts þarf einnig að efla, þannig að hún geti enn frekar reynst íbúum eins og traustur vinur í hverfinu sem allir geta leitað tilþegar eitthvað bjátar á - fengið ráð, styrk og hjálp. Öll vitum við að ef eitthvað bjátar á hjá barninu þínu eða ein-

hverjum nákomnum ættingja þá líður öll fjöl- skyldan og nærumhverfið einnig. Því lengur sem fólk er án stuðnings eða þjónustu við hæfi, því minni lífgæði hjá allri fjöl- skyldunni.

Það er því afar mikilvægt að starfsemi þjón- ustumiðstöðvarinnar sé aðgengi- leg, einstaklingsmiðuð, vingjarn- leg og hún virki vel og hratt. Þan- nig getur hún stutt enn betur við íbúa Breiðholtsins og það góða starf sem fer fram í leikskólum, grunnskólum og á þjónustustofn- unum fatlaðra og aldraðra.

Ég vil gera Reykjavík að enn betri borg fyrir börn, unglina og barnafjölskyldur því allt samfé- lagið hagnast á öflugri þjónustu við barnafjölskyldur. Meðal ann- ars þess vegna býð ég mig fram í flokksvali Samfylkingarinnar sem haldið verður 7-8 febrúar og óska eftir stuðningi í 3-4 sæti.

Heiða Björg Hilmisdóttir, for- maður kvennahreyfingar Samfylk- ingarinnar og deildarsjóri á LSH.



Heiða Björk Hilmisdóttir.



Rithöfundar komu og lásu úr bókum sínum fyrir krakkana í 4.-8. Bekk í Fellaskóla í desember. Þeim var vel tekið og krakkarnir höfðu mjög gaman af.

Nýtt eimbað við Breiðholtslaug

Breiðhyltingar fengu nýlega afhent nýtt gufubað eða eimbað eins og það er stundum kallað við Breiðholtslaug. Baðið er hannað af arkitektastofunni Ark-inn og er allt hið glæsilegasta. Það er mjög rúmgott og er flatarmál þess um 38 fermetrar og er þar með talið hvíldarherbergi. Eimbaðið er staðsett nánast á sama stað og eldra eimbað á austanverðu laugarsvæðinu upp við íþróttahúsið Austurberg. Það stendur örlítið framar en það gamla var og er um 30 m2 geymsla á bakvið sem nýtist vel fyrir ýmis tæki. Einnig voru útisturtur endurnýjaðar. Eimbaðið er úr steinsteypu og gleri, klætt og einangrað að utan en flísalagt að innan. Um burðarvirki sá Teiknistofan Óðinstorgi, verkfræðistofan Mannvit hannaði loftræstingu og



Eimbaðið er staðsett nánast á sama stað og eldra eimbað á austanverðu laugarsvæðinu upp við íþróttahúsið Austurberg.

lagnir og verktaki var Viðhald og Nýsmíði. Þetta eimbað er sannarlega kærkomið fyrir gesti laug-

arinnar og góð viðbót við annars frábæra laug.

Breiðholtsbúar hugmyndaríkastir borgarbúa

...eftir Björk Vilhelmsdóttur

Mikið er gaman að vera formaður hverfisráðs Breiðholtsins. Breiðholtsbúar “toppuðu” aðra borgarbúa í hugmyndaauði í nóvember sl. Þá var safnað hugmyndum að framkvæmdaverkefnum fyrir þetta ár, undir merkjum Betri Reykjavíkur. Um alla borg lagði fólk höfuðið í bleyti og hugsaði um það sem betur mætti fara í þeirra hverfi. Niðurstaðan var skýr, 80 hugmyndir að verkefnum bárust frá Breiðholtsbúum, mun fleiri en frá íbúum annarra hverfa. Þessar 80 hugmyndir voru síðan metnar af framkvæmdafólki borgarinnar. Sum verkefnin voru komin á áætlun s.s. endurbætur á skólalóð Ölduselskóla sem gerðar verða í sumar, annað var of stórtækt fyrir hverfapottinn eins og fótboltahöll bæði við ÍR og Leikni og sumar tillögur tengdust eignum sem borgin hefur ekki yfirráð yfir, eins og góð hugmynd um torg við Hólagarða. Ýmsar hugmyndir sem eiga heima undir öðrum framkvæmdaliðum var vísað til viðeigandi stofnanna og er því ekki að daga uppi, heldur fara þær í annan farveg. 31 hugmynd fór í frekari vinnslu.

Frisbívöllur í Efra Breiðholti?

Breiðholtið mun hafa 46.5 milljónir króna til verkefna þessa árs, sem er sama upphæð og síðastliðin 2 ár, þegar ráðist hefur verið í verkefni sem borgarbúar hafa óskað eftir og síðan kosið um. Nú fóru 31 hugmyndir í hönnun og kostnaðarmat, en kosið verður um tillögurnar í mars og þær verða síðan framkvæmdar síðar á árinu. Þar sem einungis má kjósa milli 20 hugmynda fékk hverfisráðið

það verkefni nú á dögnum að forgangsraða hugmyndunum. Þau verkefni sem fengu mesta athygli voru valin s.s. endurnýjun gangstétta í Bökkum og Seljahverfi og Frisbívöllur í Efra Breiðholti. Hverfisráðið tryggði jafna dreifingu verkefna, þannig tengjast 6 af verkefnum Neðra Breiðholti, 6 Efra Breiðholti og 6 Seljahverfi. Þá eru 2 verkefni óstaðsett. Hvað Breiðholtsbúar velja kemur síðan í ljós, því fjármagnið er takmarkað. Í næsta Breiðholtsblaði verða hugmyndirnar kynntar og svo er það okkar að kjósa milli verkefna í mars.



Björk Vilhelmsdóttur.

Nýja gufan í Breiðholtslaug

Að lokum verð ég aðeins að nefna nýju gufuna okkar. Það fór ekki mikið fyrir opnuninni á þriðjudag í síðustu viku. Fastagestir þurfa ekkert vera móðgaðir þó þeim hafi ekki verið boðið í vígsluna. Mér var heldur ekki boðið, hvorki sem fastagesti né formanni hverfisráðs. Við sitjum öll við sama borð og höfum öll sömu möguleika til að njóta gufunnar nú þegar hitinn er orðinn 45 - 47°C. Sjáumst þar eða í pottinum.

Kær kveðja, Björk



Sextán nemendur á unglingastigi, þar af fimmtán nemendur úr 10. bekk og einn nemandi úr 9. bekk, luku íslenskuáfganga 102 í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti með glæsibrag. Áfanginn var í boði í vali fyrir unglingastig og hafa íslenskukennarar í Breiðholtsskóla séð um kennsluna í samstarfi við FB. Þá hafa tveir nemendur í 10. bekk lokið stærðfræðiáfanganum 203 í fjarnámi í Verslunarskóla Íslands á haustönninni.



Útsýni er ekki mikið í gufunni en þarna má sjá fyrstu gesti hins nýja eimbaðs við Breiðholtslaug.

Viking KebabEngihjalla 8Kópavogur

Döner kebab
Lamb, grís og
kjúkling

790,-

Þú veður einstakar sósur gerðar af okkur!

Hvítlauks, sterk, mild eða bland.

Viking Kebab á

We like when You LIKE us :)

Hægt er að panta í gegnum síma og sækja -7766705- (15-30 min)

LÁGKOLVETNABRAUÐ

Aðeins 9,5 gr. Kolvetni

Kollusta í hverri sneið

Fjarðarbakari

Dalshraun 13 Hafnarfjörður • Borgarholtsbraut 19 og Buðarkör 1, Kópavogi • Kirkjustétt 2, Reykjavík

Frítt að æfa með 8. flokki Leiknis



Íþróttafélagið Leiknir hefur um árabíl haldið úti æfingum fyrir börn á forskólaaldri. Æfingarnar hafa verið í íþróttahúsi Fellaskóla á laugardögum yfir veturinn og yfir sumartímann á Leiknisvelli. Það sem hefur dregið fólk að héðan og þaðan úr borginni er sú magnaða staðreynd að æfingarnar eru án endurgjalds. Það er frítt að æfa með 8. flokkur Leiknis. Þess utan eru þjálfararnir með UEFA A og UEFA B og hafa áralanga reynslu.

Alltaf er mikið líf og fjör á laugardögum í Íþróttahúsi Fellaskóla. Æfingarnar hefjast kl. 13.00 og er áhersla lögð á leiki í bland við fótbolta, eitthvað sem ætti að henta

öllum kátum krökkum.

Nú á haustmánuðum var svo ákveðið að gera enn betur í vetur og bjóða einnig upp á æfingar á miðvikudögum kl. 17.00 fyrir þennan sama aldurshóp. Á þeim æfingum er fótboltinn alls ráðandi og hvergi gefið eftir. Það hefur hreinlega verið magnað að fylgjast með krökkunum í vetur og fylgja myndir með af æfingum 8. flokks frá síðastliðnu sumri og nú í byrjun vetrar.

Íþróttafélagið Leiknir hvetur foreldra allra barna í Breiðholti að kíkja á æfingar og prófa og/eða fá frekari upplýsingar um ókeypis æfingar forskólabarna í síma 869-7794 eða með tölvupósti á doddi_tjalfari@hotmail.com.

Þorragleði Leiknis - Það er komið að því !

Leiknir Reykjavík mun í fyrsta skipti halda Þorragleði laugar-daginn 8.febrúar næstkomandi. Húsið opnar kl. 19.00 en borðhald hefst kl 19.30. Hefðbundinn Þorramatur verður á borðum eins og fólk getur í sig látið. Kjötíðnaðarmeistararnir og Leiknismennirnir Jóhannes Geir Númason og Guðni Egilsson sjá um að allir fái nóg á diskinn sinn. Veislustjóri er Valur Gunnarsson Leiknismaður en einnig verða skemmtiatriði frá Leiknismönnum sem og frægum skemmtikröftum.

Miðaverð er 4.500 kr. og 20 ára aldurstakmark. Opnað hefur verið fyrir miðapantanir en hægt er að panta miða með því að senda email á leiknir@leiknir.com eða hringja í Leiknishúsið 557-8050. Einnig er boðið upp á hópapantanir. Hægt er að panta borð fyrir fjóra og borð fyrir átta manna hópa. Aðeins 70 sæti í boði. Greiða þarf fyrir miða dagana 3. til 5. febrúar í Leiknishúsinu.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast með því að senda email á leiknir@leiknir.com.



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frimann Andrésson
útfararþjónusta



Jón Bjarnason
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elfsson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM

Önnumst alla þætti útfararinnar



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Getraunarnr. 111



www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973

Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Hólabrekkuskóli og Leiknir í samstarf

Hólabrekkuskóli og Leiknir Reykjavík hafa fjórða árið í röð komist í samkomulagi um samstarf í unglingadeild skólans. Hólabrekkuskóli býður þeim iðkendum í 8-10.bekk sem æfa hjá Leikni að velja Fótboltaval sem er aukæfing á skólatíma. Markmiðið með þessu er að gefa þeim iðkendum sem æfa fótbolta hjá Leikni kost á að rækta hæfileikana sína enn meira og á besta tíma.

Davíð Snorri Jónasson annar af þjálfurum meistaraflokks Leiknis sér um æfingarnar sem fara fram á Leiknisvelli kl. 11.30 á föstudögum. „Við hjá Leikni erum mjög sáttir með þetta samstarf. Við höfum samstarfið veturinn 2010 og hefur þetta mælst vel hjá iðkendum. Hólabrekkuskóli á mikið hrós skilið að taka vel í hugmyndina okkar og þróa hana með okkur. Þjónustan sem iðkendur Leiknis hafa aðgang að í dag er frábær og vonum við að það verði raunin um ókomin ár,“ sagði Davíð Snorri þjálfari Fótboltavalsins. „Mér finnst mjög mikilvægt að skóli og grenndar-samfélag vinni vel saman, með velferð barna og unglinga í huga. Samstarfið við Leikni hefur ver-



Strákarnir í fótboltavaliinu

ið einstaklega gott og gefandi. Í ljósi þessarar góðu reynslu af samstarfinu, varðandi val í unglingadeild, langar mig til að efla það enn frekar. Fyrir hönd Hólabrekkuskóla þakka ég samstarfið,“ sagði Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri. Í dag eru 17 iðkendur sem nýta sér fótboltavalið. Þetta er frábært framtak og Leikn-

ir Reykjavík þakkar Hólabrekkuskóla fyrir að gefa iðkendum okkar tækifæri á að æfa enn meira aukalega. Hólabrekkuskóli er jafnframt brautryðjandi en þetta er fyrsti skólinn í Reykjavík sem býður upp á þessa þjónustu fyrir nemendur sína.

Samstarf við Reading Football Club

Íþróttafélagið Leiknir og Reading Football Club á Englandi hafa undanfarin þrjú ár verið í samstarfi sín á milli. Síðastliðið sumar fóru fjórir leikmenn úr 4. flokki Leiknis til æfinga hjá unglingaliði Reading Football Club og æfðu með U14 liði þeirra.

Drengjunum gekk mjög vel og stóðust Akademiú drengjum Reading snúninginn, enda framtíðar knattspyrnumenn allir saman. Ferðin stóð yfir í viku og var æft alla dagana utan eins dags, en þá skelltu okkar menn sér að skoða stórborgina London. Samstarf Reading og Leiknis er margþætt. Þjálfarar okkar hafa flestir farið utan í heimsóknir og fengið að

kynnast því hvernig stórt enskt félag þjálfar sína leikmenn. Fundað hefur verið með yfirmönnum knattspyrnumála hjá Reading og hugmyndafræði þeirra hefur verið kynnt okkar þjálfurum. Einnig hafa fulltrúar þeirra komið í heimsókn til okkar og kynnt sér aðstæður hjá Leikni. Þess má geta að gestirnir hrifust af aðstæðum og gáfu félaginu góðar ráðleggingar.

Nú í sumar fengu Leiknismenn svo leikmann frá Reading sem kom úr 19 ára liði þeirra.

Mikilvægur liður í samstarfinu er aðgengi ungra leikmanna Leiknis að Reading en félagið hefur gefið okkar efnilegustu piltum



grænt ljós á að koma til æfinga hjá unglingarliðum Reading líkt og var gert síðastliðið sumar.

ÍR- og Leiknisvörur

Enskar fótboltavörur

Leikföng í úrvali



Sími 5575020

Hólagarði

Aníta og Sturla íþróttamenn ársins 2013 hjá ÍR



Íþróttafólk ÍR 2013.

Íþróttafélag Reykjavíkur kaus Anítu Hinriksdóttur og Sturlu Ásgeirsson sem íþróttamenn ársins 2013.

Þau voru valin úr hópi íþróttamanna sem deildir félagsins tilnefndu. Bæði Aníta og Sturla hafa sýnt einstakan árangur og verið öflugir merkisberar félagsins bæði innanlands og á mótum erlendis.



Aníta Hinriksdóttir og Sturla Ásgeirsson íþróttamenn ÍR 2013.

Íslandsmeistarar 11. árið í röð

ÍR-ingar urðu Íslandsmeistarar félagsliða 11. árið í röð og í öllum flokkum á MI 15 til 22 ára. Alls unnust 36 Íslandsmeistaratitlar á meistaramóti 15 til 22 ára í Laugardalshöll á dögunum og ÍR-ingar urðu Íslandsmeistarar félagsliða 11. árið í röð með alls 487 stig, en lið Breiðabliks varð í 2. sæti með tæp 200 stig og lið FH í þriðja sæti með 160 stig. Auk þess vannst stigakeppni allra aldursflokka og geta ÍR-ingar því vel við unað.

ÍR-ingar mættu öflugir á meistaramót Íslands 15 til 22 ára sem fram fór í Laugardalshöll 10. og 11. janúar en yfir 200 keppendur frá 16 félögum spreyttu sig í fjórum aldursflokku stúlkna og drengja. ÍR-ingar lönduðu 36 Íslandsmeistaratitlum auk þess sem liðið varð Íslandsmeistari félagsliða 11. árið í röð með alls 487 stig. Lið Breiðabliks varð í 2. sæti með tæp 200 stig og lið FH í þriðja sæti með 160 stig. Auk þess vannst stigakeppni allra aldursflokka og geta ÍR-ingar því sannarlega vel við unað.

Tristan Freyr Jónsson, sem nýlega hefur gengið í raðir ÍR-inga, varð Íslandsmeistari í fjórum keppnisgreinum; 60m, 200m, 60m grindahlaupi og kúluvarpi og



Íslandsmeistarar félagsliða 11. árið í röð.

Björg Gunnarsdóttir ÍR varð þrefaldur Íslandsmeistari í sínum aldursflokk, 20-22 ára stúlkna í 60m, 200m og 400m.

Eftirfarandi ÍR-ingar urði Íslandsmeistarar í tveimur keppnisgreinum: Hörður Franz Pétursson í flokki 15 ára pilta í 60m, 200m, Thelma Lind Kristjánsdóttir í 16-17 ára flokki stúlkna í bæði langstökki og þristökki, Sæmund-

ur Ólafsson í flokki 18-19 ára pilta í 800m og 1500m, Krister Blær Jónsson, sem gekk í raðir ÍR um áramótin, varð Íslandsmeistari 18-19 ára pilta í 60m grindahlaupi og hástökki, Aníta Hinriksdóttir sigraði í flokki 18-19 ára stúlkna í bæði 200m og 800m og að lokum varð Ívar Kristinn Jasonarson Íslandsmeistari í flokki 20-22 ára pilta í; 60m og 200m.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Aníta með Íslands- og Evrópumet

Aníta Hinriksdóttir setti Íslandsmet og Evrópumet 19 ára og yngri á Reykjavík International games í frjálsíþróttum ÍR átti 43 keppendur af 112 á glæsilegu RIG móti sem fram fór í Laugardalshöll 19. janúar. Keppt var í 19 keppnisgreinum karla og kvenna og voru keppendur Bretlandi, Danmörku, Þýskalandi, Írlandi og Færeyjum með á mótinu. Keppendur sýndu frábæra takta og er ljóst að íslenskt afreksfólk í frjálsíþróttum hefur æft vel og kemur sterkt inn í nýtt frjálsíþróttarár sem er fullt af verðugum áskorunum.

Það sem stóð upp úr var einvígi Anítu Hinriksdóttur, Aline Krebs frá Þýskalandi og hinnar írsku Rose-Anne Galligan í 800m hlaupi sem lauk með sigri Anítu, nýju Íslandsmeti innanhúss og nýju Evrópsku unglingameti 19 ára og yngri, 2:01.81 mín.

Fleiri ÍR-ingar áttu góðan dag, Kári Steinn Karlsson sem keppti í fyrsta sinn undir merkjum ÍR var aðeins 5 sek frá eigin Íslandsmeti í 3000m en Kári Steinn kom þar langfyrstur í mark á 8:16.74 mín. Arnar Pétursson kom þriðji í mark á 8.46,41 mín með gríðarlega góða bætingu en hann átti best 9:04,01 mín sem hann hljóp um sl. helgi.

Aðrir RIG meistarar úr röðum ÍR-inga voru Mark W. Johnson í stangarstökki með 4,72 m, Hrafnhild Eir Hermósdóttir í 60m þar sem hún skaut Hafðisi Sigurðardóttur UFA ref fyrir rass með glæsilegu hlaupi og tímanum 7,69



Aníta Hinriksdóttir á hlaupa-brautinni.

sek. Björg Gunnarsdóttir hljóp flott 400m hlaup og stóð uppi sem sigurvegari á tímanum 55,98 sek og sama má segja um Sindra Lárusson sem sigraði í kúluvarpi karla með 16,08 m og Einar Daða Lárusson í 60m grindahlaupi á 8.46 sek en Einar er að koma til baka, sterkur, eftir meiðslatímabil. Arna Stefanía Guðmundsdóttir sigraði einnig í 60m grindahlaupi hljóp á 8,83 sek en hún átti best 9,06 sek, sem er gríðalega fín bæting. Arna varð síðan önnur í þríþrautarkeppni RIG. Kristín Lív Svabo Jónsdóttir sýndi góða takta í hástökkinu þar sem hún sigraði í umstökkskeppni með 1,61m, fín byrjun hjá Kristínu og hennar ársbesta.

Arnar og Ólafur í U-16 ára

Arnar Freyr Guðmundsson og Ólafur Matthíasson úr ÍR hafa verið valdir í U-16 árs landsliði karla í handbolta.

Alls voru valdið 36 ungir menn fyrir þetta verkefni og á ÍR handbolti því tvo flotta fulltrúa þar.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

BÆTTU SMÁ GLASGOW Í LÍF ÞITT

Verð frá **19.800*** kr.
Þessi ferð gefur frá 1.500 til 4.500 Vildarpunkta aðra leiðina.



Tjörnin er ekki nafli andaheimisins

Skoskar endur í Glasgow halda því fram að Green Park og Doulton gosbrunnurinn séu miklu betri staður. Þúsundir Íslendinga, sem heimsækja Glasgow á hverju ári, eru á sama máli. Þeim finnst þeir hvergi fá betra tækifæri til að fyllast af andagift og freyðandi fjöri en einmitt í borginni á bökkum Clyde. Og það verður að viðurkennast að skoskir sekkjapípuleikarar hafa það fram yfir kríur að þeir ganga í pilsum.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

PEOPLE
MAKE
GLASGOW

[f](#) [t](#) [You](#) [Tube](#) [i](#) Vertu með okkur

ICELANDAIR 

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.